

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 27.04.2017
Tilv. 2017/0348 - 0.0.01
HSS

Efni: Tillöga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál

Neytendastofu gegnir fjölbættu hlutverki lögum samkvæmt og hefur nokkrar meginstoðir allt frá hefðbundnum stjórnsýsluverkefnum á sviði neytendamála til að tryggja öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum yfir í að veita þjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja og annarra stjórnvalda. Neytendastofu hefur yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði á Íslandi. Þjónusta sem Neytendastofa veitir í formi sérfræðiþjónustu s.s. á sviði kvörðunar mælitækja fyrir atvinnulífið snýr að þeim hluta þar sem einkamarkaður hefur ekki burði til að veita slíka þjónustu. Hagnýtt mælifræði varðar gríðarmikla fjárhagslega hagsmuni fyrir Íslandi og er mikilvæg fyrir innviði Íslands.

Kvörðun er nauðsynleg fyrir nýsköpunarfyrirtæki, sprotafyrirtæki, áliðnað, lyfjaiðnað, orkuveitufyrirtæki, rannsóknarstofur fyrir matvælaiðnað og heilsu á borð við Hjartavernd og Blóðbanka, hátæknifyrirtæki ásamt fyrirtækji í sjávarútvegi og mælingar sem varða umhverfisvöktun. Kvörðun er nauðsynleg vegna öryggismála á borð við þrýstimæla og átaksmæla, t.d. vegna gúmmibátþjónusta, slökkvitækjaþjónusta, bifreiðaverkstæða og flugvélaferkstæða en einnig réttarvörslu, s.s. löggilding hraðamyndavéla fyrir lögreglu og annarra mælitækja sem eru grundvöllur refsinga.

Lögmælifræðin er grundvallarþáttur í virku markaðseftirliti á grundvelli laga sem Alþingi hefur samþykkt. Neytendastofa hefur eftirlit með og mælir þyngd vöru í forpakkningum og hefur eftirlit með margskonar löggildingu og mælingum tækja svo að neytandi geti verið öruggur um að mæling sem er grunnur að reikningi og greiðslu sé áreiðanleg og rétt, s.s. að bensíndælur dæli réttu magni, vogir mæli rétt o.s.frv. Lögmælifræðin hefur yfirumsjón með útvistum verkefna til einkaaðila sem framkvæma í hennar umboði löggildingu mælitækja á markaði, t.d. hafnarvogir, eldsneytisælur, mjólkurdælur, heita- og kaldavatnsmælar, rafmagnsmælar, varmaorkumælar og framreiðslumælitækjum. Einnig eru haldin vigtarmannanámskeið og veiting löggildingar fyrir vigtarmenn ásamt eftirfylgni og framkvæmd sbr. gildandi reglugerð. Neytendastofa hefur umsjón með e-merkingu vöru og veitir íslenskum fyrirtækjum leyfi til notkunar á þeirri merkingu á erlendum mörkuðum en auka þarf notkun þess til þess að innlendar vörur hafi greiðan aðgang að verslunum erlendis. Ljóst er því að mælifræðin er grundvöllur gæðamála og eftirlits, t.d. með raforkugæðum, hraðamælingum, möskvamælingum o.m.fl.

Í öllum vestrænum ríkjum er mælifræðin í hávegum höfð og þess er gætt að tækjakostur og rannsóknar aðstaða mælifræðinnar sé viðunandi. Mælifræði er grundvöllur þess að Ísland njóti traust í alþjóða viðskiptum og að mark sé tekið á mæligildum sem fylgja vörum frá

Íslandi. Ljóst er að stjórnvöld hafa vanrækt þennan málaflokk í áratugi og allt stefnir í að á næstu árum þurfi að leggja til verulegt stofnfé til að endurnýja tækjakost mælifræðinnar og fjölga stöðugildum. Gagnrýnt hefur verið m.a. af ríkisendurskoðun að ekkert fjármagn hefur verið lagt til hliðar til tryggja endurnýjun tækjabúnaðar prófunar – og kvörðunarstofu Neytendastofu. Neytendastofa telur óhjákvæmilegt að við gerð fjármálaáætlunar sé nú þegar gert ráð fyrir a.m.k. 150-200 milljón króna sjóði til að mæta væntanlegum kostnaði við endurnýjun og viðhald á tækjabúnaði hennar sem landsmælifræðistofnunar Íslands.

Vert er að taka fram að ekkert er minnst á þessa starfsemi Neytendastofu í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, þrátt fyrir yfirvofandi mikinn stofnkostnað við endurnýjun landsmæligrunna og annars rannsóknarbúnaðar. Nauðsynlegir landsmæligrunnar og önnur tæki hafa nú þegar náð 20-30 ára líftíma og áætla má að kostnaður við endurnýjun geta farið í 150-200 milljónir króna í náinni framtíð. Þessi þáttur starfseminnar Neytendastofu er nú þegar undirmannaður og löngu tímabært að fjölga stöðugildum til að viðhalda færni í greininni. Það er mikið áhyggjuefni að ekkert sé fjallað um þessa mikilvægu starfsemi í fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018-2022 þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar stofnunarinnar við gerð áætlunarinnar.

Neytendastofa framfylgir 22 lagabálkum og hefur lögbundnar skyldur til að framfylgja þeim og hafa fjármunir ekki alltaf fylgt og er sniðin þröngur stakkur til að sinna sínu lögbundnu eftirliti.

Neytendastofa hefur eftirlit með viðskiptaháttum og stuðlar að gagnsæi markaðarins, tryggir öryggi vöru á markaði og sinnir markvissri opinberri markaðsgæslu og verðmerkingaeftirliti.


Þá vill stofnunin einnig benda á að ekki hafi komið fjárveitingar með nýjum og umfangsmiklum verkefnum síðastliðin ár. Má sem dæmi nefna lög um neytendalán þar sem m.a. fellur undir eftirlit með svokölluðum smálánafyrirtækjum, eftirlit með notkun á þjóðfána Íslendinga m.a. við markaðssetningu gagnvart ferðamönnum, lög um fasteignalán til neytenda þar sem stofnunin sinnir eftirliti og upplýsingagjöf vegna allra lánasamninga vegna fasteignakaupa neytenda og lög um neytendasamninga sem kveða á um ríka upplýsingaskyldu seljanda og þá sérstaklega þegar selt er á vefsíðum sem færst hefur í aukana. Hið sama gildir um ný vopnalög sem gera stofnunni skylt að hafa markaðseftirlit með flugeldum og fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um rafsígarettur með ítarlegum reglum um markaðseftirlit með þessum vörum.


Stofnunin hefur auk þess veigamikið upplýsinga og fræðsluhlutverk fyrir bæði neytenda og atvinnulíf með miðlun upplýsinga til aðila á markaði um réttindi þeirra og skyldur. Miklar breytingar eiga sér stað á mörkuðum um þessar mundir sem gera kröfu til þess að eftirlit á sviði neytendamála vinni nánari úttektir og greiningar. Hér má nefna t.d. að deilihagkerfið er að breyta viðskiptaháttum verulega og mikilvægt er að Neytendastofa geti unnið úr upplýsingum sem hún hefur í samstarfi við systurstjórnvöld á EES svæðinu. Hið sama gildir um umhverfi auglýsingaiðnaðarins en nú færast þyngdarpunktur við sölu og auglýsinga á vörum frá hefðbundnum miðlum yfir á ýmis konar nýja miðla, s.s. Instagram, Snapchat o.fl. Til að tryggja sanngjarna viðskiptahætti verður Alþingi að tryggja að sambærilegt eftirlit fari fram á þessum nýju sviðum markaðsfærslu og hefur verið gert almennt við markaðssetningu á vörum til neytenda.

Nauðsynlegt er að tryggja Neytendastofu fjármuni til að sinna lögbundnum verkefnum og fjármagn til að mæta yfirvofandi stofnkostnaði landsmæligrunna og tækja.

Neytendastofa telur jafnframt mikilvægt að Alþingi tryggi fullt jafnfræði í fjárveitingum til málasviða sem fara með eftirlit á mikilvægum sviðum viðskiptalífsins. Hér er því vakin athygli þingsins á því að fjárveitingar til Neytendastofu sem sinnir jafn fjölbættu hlutverki og raun ber vitni er margfalt minni en t.d. til eftirlits með fjármálamörkuðum, samkeppni eða fiskveiðistjórnun svo nokkur dæmi séu tekin. Það er því brýnt að Alþingi taki til gagnerrar endurskoðunar fyrirkomulag fjárveitinga til Neytendastofu og tryggi að stofnunin hafi sambærilega fjármögnun og nægilegt starfsfólk til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem Alþingi hefur falið stofnuninni framkvæmd á.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Helga Sigurðardóttir
fjármálastjóri


Guðmundur Árnason
Sviðsfjari